Fræðslumiðstöð Vestfjarða
Miðstöð símenntunar og háskólanáms á Vestfjörðum

Alþingi
Erindi nr. Þ 130/1403
komudagur 17.3.2004

Ísafirði, 16. mars 2004

Menntamálanefnd Alþingis
Alþingi
150 Reykjavík

**Umsögn um tillögu til þingsályktunar um háskóla á Vestfjörðum.**
**Þingskjal 363 – 317. mál.**
**130 löggjafarþing 2003-2004.**
**Sbr. bréf dags. 27. febrúar 2004.**

Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða veitir svofellda umsögn um þingsályktunartillögu um háskóla á Vestfjörðum:

> *Fræðslumiðstöð Vestfjarða lýsir stuðningi sínum við þingsályktunartillögu um eflingu háskólanáms á Vestfjörðum, með stofnun vestfirsks háskóla.*
>
> *Þar sem nefnd á vegum menntamálaráðherra mun fljótlega skila tillögum sínum um uppbyggingu háskólastigsins á Vestfjörðum leggur Fræðslumiðstöð Vestfjarða ekki fram tillögur um útfærslu á þessu stigi.*
>
> *Fræðslumiðstöð Vestfjarða leggur þó til að fljótlega verði stigin skref til að koma á fót námsframboði á háskólastigi fyrir Vestfirðinga í staðkennslu, svo sem með stofnun háskóladeildar við Menntaskólann á Ísafirði.*

Virðingarfyllst,

Smári Haraldsson

Smári Haraldsson, forstöðumaður.

Fræðslumiðstöð Vestfjarða • Eyrargata 2-4 • 400 Ísafjörður
Sími: 456 5025 • Fax: 456 5066 • Netfang: frmst@frmst.is • Veffang: frmst.is